

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 143/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/454 frá 20. mars 2019 um leyfi fyrir blöndum með alfaamýlasa úr *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 9553, *Bacillus amyloliquefaciens* NCIMB 30251 eða *Aspergillus oryzae* ATCC SD-5374 sem og blöndu með endó-1,4-betaglúkanasa úr *Trichoderma reesei* ATCC PTA-10001 sem aukefni í votfóður fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 285. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/144) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„286. **32019 R 0454:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/454 frá 20. mars 2019 um leyfi fyrir blöndum með alfaamýlasa úr *Bacillus amyloliquefaciens* DSM 9553, *Bacillus amyloliquefaciens* NCIMB 30251 eða *Aspergillus oryzae* ATCC SD-5374 sem og blöndu með endó-1,4-betaglúkanasa úr *Trichoderma reesei* ATCC PTA-10001 sem aukefni í votfóður fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 79, 21.3.2019, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/454, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 21.3.2019, bls. 4.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING